

Skýrsla formanns Fuglaverndarfélags Íslands fyrir árið 2003

Lögð fram á aðalfundi 1. mars 2004

Starfið á árinu einkenndist sem fyrr af hálandisverndinni, en aðrir þættir eins og arnarmál, útgáfa, fertugsafmæli félagsins og vöxtur félagsins, spiluðu stóra rullu í starfseminni.

STJÓRN, AÐSETUR, FÉLAGAR

Á **aðalfundi** 2. apríl 2003 var Jóhann Óli Hilmarsson endurkjörinn formaður, aðrir kosnir (allir endurkjörnir) þá voru Einar Ó. Þorleifsson (meðstj.), Jón Hallur Jóhannsson (meðstj.) og Ólafur Einarsson ritari. Fyrir í stjórn voru Björk Guðjónsdóttir (meðstjórnandi), Daníel Bergmann (gjaldkeri) og Arnór Þórir Sigfússon (varaformaður) til tveggja ára. Haldnir voru 8 stjórnarfundir á árinu.

Félagið leigði **skrifstofu** og aðstöðu af Landvernd að Ránargötu 18, í húsi Skógræktarfélags Íslands.

Félagar töldust vera rétt um 500 í árslok.

Stjórn Austurlandsdeildar skipuðu Halldór Walter Stefánsson, formaður Berglind Steina Ingvarsdóttir og Vigfús Hjörtur Jónsson.

Um haustið var ákveðið að breyta heiti félagsins, í **Fuglavernd – BirdLife Iceland**, bæði til einföldunar fyrir innlenda, jafnt sem erlenda aðila. Eftir sem áður yrði þó Fuglaverndarfélag nafnið notað.

FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR

Fjórir **fræðslufundir** voru haldnir á árinu:

- 27. mars hélt Páll Hersteinsson erindi sem hann nefndi *Tófan og sílamáfurinn*.
- 9. apríl hélt Tómas Grétar Gunnarsson erindi um *rannsóknir sínar á íslenska jaðrakaninum*.
- 13. nóvember hélt Ólafur Á. Torfason fyrirlestur um fuglamerkingar.
- 4. desember hélt Lloyd Austin erindi um fuglavernd og starfsemi Konunglega breska fuglaverndarfélagsins.

Fundirnir voru annaðhvort haldnir í Odda eða Lögbergi.

Fjórum sinnum var blásið til **vettvangsfræðslu eða fuglaskoðunar** á árinu:

- 29. mars var ljósmyndadagur í Vífilsstaðahlíð. Leiðbeinandi var Daníel Bergmann.
- 19. apríl var jaðrakanadagur í Grafarvogi undir handleiðslu Tómasar Grétars Gunnarssonar.

- 1. júní var fuglaskoðun í Friðlandinu í Flóa.
- 5. október voru Evrópskir Fugladagar í Grafarvogi.

Garðfuglakönnun hélt sínu striki, en hún fór af stað haustið 1994. Haustið 2003 var því 10. haustið sem þessi skemmtilega könnun fer af stað. Þátttaka var með svipuðu móti, um 20 félagar sendu inn athuganir sínar.

Friðlandið í Flóa var rekið sem fyrr. Göngustígur var afmarkaður og sett upp tvö fræðsluskilti. JÓH fór í nokkrar ferðir með hópa um svæðið og tvær opinberar ferðir voru um vorið, önnur á vegum Fuglaverndar og hin á vegum sveitarfélagsins. Talsverð fundahöld voru með fulltrúum sveitarfélagsins. Ekki fékkst lausn á landskiptamálunum. Pokasjóður (áður Umhverfissjóður verslunarinnar) styrkir friðlandið.

Arnarvarp gekk vel og sáu Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Finnur Logi Jóhannsson um arnargæslu og arnarflug. Arnarstofninn telur nú um 50 pör, 150 til 200 fugla að hausti og fer stofninn hægt vaxandi. Varpárangur hefur þó ekki batnað og er hann mun lélegri en í nágrannalöndunum. Nokkur umræða var um vorið í kjölfar Hæstaréttardóms í máli æðarbónda, sem spillti varpstað í Breiðafirði. Þrír fulltrúar félagsins heimsóttu umhverfissráðherra og hvöttu til dáða.

Í nóvember voru 90 ár liðin síðan örninn var alfríðaður og var þess minnst á ýmsan hátt.

Félagið átti fulltrúa í **nefnd um endurheimt votlendis**. Fulltrúi félagsins var Einar Ó. Þorleifsson.

ÚTGÁFA

Ákveðið var að ganga til samstarfs við Landvernd um útgáfu á *Kríunni* og leggja Fréttabréfið niður. Þrjár *Kríur* komu út á árinu. Þessi tilraun þótti ekki ganga að óskum og var því ákveðið að hefja útgáfu fréttbréfsins að nýju. Að venju komu út **jóla- og tækifæriskort** um haustið. Kortin voru nú þrjú, eitt var sérstaklega gefið út vegna 90 ára friðunarafmælis arnarins. **Vef félagsins** var viðhaldið. Styrkur fékkst frá Þjóðhátíðarsjóði, sem varið var til gerðar fræðsluvefs um haförninn.

Tímaritið Fuglar kom út í nóvember í tilefni að fertugsafmæli félagsins, langþráð félagsblað og var því ritstýrt af mikilli snilld af gjaldkera félagsins. Blaðið hlaut mjög góðar viðtökur og var mikil lyftistöng fyrir alla starfsemi félagsins.

SAMSTARF VIÐ ÖNNUR FÉLÖG OG SAMTÖK

Félagið tók þátt í **Deги umhverfisins** 25. apríl, ásamt frjálsum félagasamtökum.

Samstarfið við RSPB var öflugt á árinu. Lloyd Austin frá Skotlandsdeild félagsins kom tvisvar í heimsókn á árinu, fyrst 12. – 15. júní ásamt Norbert Schäffer, yfirmanni alþjóðadeildar RSPB og svo aftur í byrjun desember.

Samstarfið við *BirdLife International* var öflugt á árinu. Formaður sótti fund Evrópudeildar í París 5.-7. september.

Einar Ó. Þorleifsson sótti fund hjá **fastanefnd Bernarsamningsins** hjá Evrópuráðinu í Strasbourg. Þar var tekin fyrir kera nokkurra fugla- og náttúruverndarféлага vegna virkjana á Austurlandi.

Unnið var í samvinnu við **Skógræktarfélag Garðabæjar** að könnun á fuglalíf á skógræktarsvæðum við Vífilsstaðavatn.

Ýmsar ályktanir, kærur og athugasemdir: